

má, að svar við henni feli í sér játningu eða bendingu um það, að hann eða venslamenn hans samkvæmt 89. gr. hafi framið refsiverðan verknað eða það gæti orðið þeim til mannorðsspjalla.“

Vitnið Guðmundur Sigurðsson stýrimaður býr í óvígðri sambúð með dóttur ákærða í máli þessu. Vitnið er því ekki tengdabarn ákærða samkvæmt lagabókstafnum.

Þegar það er hins vegar virt, annars vegar, að vitnið er nú grunað um refsiverðan verknað vegna framburðar síns í sjóðómi 28. júlí 1981, og hins vegar metin tengsl vitnisins við ákærða, verður að telja með vísan til 91. gr. og með hliðsjón af 5. tl. 89. gr. laganna, að vitninu sé óskýlt að gefa vitnaskýrslu fyrir siglingadómi í máli þessu. Þar við bætist, að eigi verður séð, eins og málið horfir nú við, að vætti vitnisins geti haft úrslitaáhrif á efnisniðurstöðu í málinu.

Bjarni Kristinn Bjarnason, formaður siglingadóms, kveður upp úrskurð þennan ásamt samdómendunum Einari Thoroddsen, Jóni Björnssyni, Guðmundi Hjaltasyni og Guðmundi Péturssyni.

Úrskurðarorð:

Vitninu Guðmundi Sigurðssyni er óskýlt að gefa vitnaskýrslu í máli þessu.

Föstudaginn 11. mars 1983.

Nr. 157/1982. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Gunnari Þór Geirssyni

(Ólafur Þorláksson hrl.).

Bífhjól. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Guðmundur Jónsson.

Pétur Björnsson, fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu að ósk ákærða með stefnu 2. júlí 1982. Af hálfu ákæruvaldsins er krafist staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að refsing ákærða verði þyngd, svo og að ákærði verði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð. Ríkissaksóknari lýsti yfir fyrir Hæstarétti, að felld væri niður úr ákæruskjali tilvitnun í áfengislög nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978. Þá greindi hann frá, að með of hröðum akstri um Austurveg á Selfossi hefði ákærði gerst brotlegur við ákvæði 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 1. gr. laga nr. 16/1977.

Verjandi krefst sýknu og að málsvarnarlaun í héraði og fyrir Hæstarétti verði greidd úr ríkissjóði.

Ágrip málsins barst Hæstarétti 6. desember 1982.

Það fer ekki milli mála, að í ákæruskjali er ákærða gefið að sök að hafa ekið bifhjóli sínu á allt að 100 km. hraða eftir Austurvegi á Selfossi, en hámarkshraði er þar talinn vera 50 km. á klst. Fallið hefur niður í ákæruskjali að færa atferli þetta til refsíákvæða. Þetta þykir þó ekki standa því í vegi, að dómur verði lagður á það ákæruatriði, sbr. ákvæði 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974, enda hefur vörn komið fram um það í héraði og fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt lögregluskýrslu um atburð þennan skýrði ákærði frá því, er hann var handtekinn við Fossnesti, að hann hefði neytt áfengis síðast kl. 0100 til 0130 nóttina áður. Endurtók ákærði þetta, er hann hafði verið færður í lögreglustöðina, í skýrslu þeirri, sem hann gaf fyrir Ólafi Íshólmi Jónssyni lögregluvarðstjóra.

Er ákærði kom fyrir lögregluna 3. september 1981, kvað hann efni lögregluskýrslunnar rétt, en gerði fyrirvara um ökuhraða. Taldi hann nú áfengisneyslu sinni nóttina áður hafa lokið um kl. 0200. Það var svo hinn 11. september 1981 sem ákærði breytti frásögn sinni og kvaðst hafa neytt áfengis í Fossnesti, eftir að hann hafði ekið bifhjólinu og áður en lögregluþjónarnir handtóku hann. Eru framburðir ákærða og vitna raktir í hinum áfrýjaða dómi.

Ekki þykir unnt að leggja hina breyttu frásögn ákærða til grundvallar í málinu. Þykir sannað, að ákærði hafi í umrætt sinn ekið bifhjóli sínu undir áhrifum áfengis frá Stokkseyri til Selfoss og eftir

Austurvegi. Varðar þetta atferli ákærða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. laga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, 1. gr., svo sem í ákæru greinir.

Þá þykir sannað, að ákærði hafi í umrætt sinn ekið bifhjóli sínu á ólöglegum hraða eftir Austurvegi, en það brot varðar við 50. gr., 1. mgr., laga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 16/1977, 1. gr., svo og 80. gr. laga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, 1. gr.

Ákærði sætti 200.000 gkr. sekt vegna ölvunaraksturs með dóms-sátt í sakadómi Árnæssýslu 23. júní 1980 og var jafnframt sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá sama tíma að telja. Brot þetta framdi ákærði 17. maí 1980, og var hann þá 18 ára. Refsing ákærða þykir með vísan til 71. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 15 daga varðhald. Þá ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis ævilangt frá 3. september 1981 að telja og um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 5.000.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Gunnar Þór Geirsson, sæti varðhaldi 15 daga. Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuréttinda og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorlákssonar hæstaréttarlögmanns, 5.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Árnæssýslu 25. mars 1982.

Mál þetta, sem dómtekið er í dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dags. 9. nóvember 1981, á hendur Gunnari Þór Geirssyni verkamanni, Jaðri, Stokkseyri, fæddum 20. júlí 1961 í Keflavík, „fyrir að aka sunnudaginn 19. júlí 1981 undir áhrifum áfengis bifhjólínu R 31039 á allt að 100 km hraða miðað við klst. um Austurveg á Selfossi, þar sem hámarkshraði er 50 km, eftir að hafa ekið frá Stokkseyri til Selfoss.

Akstri lauk síðan við Fossnesti vegna afskipta lögreglu.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, sbr. lög nr. 52/1978, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfisvæðingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Sunnudaginn 19. júlí 1981, kl. 1500, var hringt á lögreglustöðin á Selfossi og tilkynnt um vitaverðan og of hraðan akstur á bifhjóli um Austurveg á Selfossi.

Í skýrslu lögreglunnar um mál þetta segir, að tveir lögregluþjónar hafi farið að athuga mál þetta og hafi þeir ekki orðið varir við akstur á bifhjóli þessu, en við Fossnesti á Selfossi hafi þeir séð bifhjólið R 31039 og skömmu seinna hafi ákærði í máli þessu komið að hjólinu, og tóku lögregluþjónarnir hann tali, en hann viðurkenndi þá að hafa verið á ferð um Austurveg og ekið nokkur greitt, líklega eitthvað um 100 km. hraða miðað við klst. Þó kvaðst ákærði ekki geta fullyrt neitt um þetta, þar sem hraðamælir á bifhjólinu væri bilaður.

Þegar lögregluþjónarnir voru að ræða við ákærða, fundu þeir sterka áfengislykt leggja frá vitum hans, og viðurkenndi ákærði að hafa neytt áfengis nóttina áður, og sagði hann, að klukkan hefði verið eitthvað um 0100 - 0130, þegar hann neytti síðast áfengis.

Lögregluþjónarnir tóku nú öndunarsýni frá ákærða, og sýndi það 3. stig, og var hann því færður á lögreglustöðina á Selfossi og þar fyrir Ólaf Íshólm Jónsson varðstjóra, sem tók af honum varðstjóraskýrslu, sem tímasett er kl. 1535.

Í varðstjóraskýrslunni kemur fram, að ákærði viðurkenndi að hafa verið að aka bifhjólinu R 31039, og kvaðst hann hafa verið á rúntinum hér í bæ, og kvaðst hann hafa komið frá Stokkseyri og ekki muna, hvenær hann fór af stað. Ákærði neitaði að hafa verið að drekka áfengi frá því kl. 0100—0130 nóttina áður.

Í varðstjóraskýrslunni er útliti og öðrum einkennum ákærða lýst svo: áfengisþefur af andardrætti talsverður, andlit þrútið, fatnaður snyrtilegur, framkoma kurteis, augu vol og rauð, jafnvægi stöðugt, málfar skýrt og framburður greinargóður.

Þá kemur fram í varðstjóraskýrslunni, að ákærði neitaði að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Brynleifur Steingrímsson læknir kom á lögreglustöðina og tók blóðsýni úr ákærða, og var það auðkennt ÁRN-1059, og samkvæmt dskj. nr. X

er blóðsýni tekið frá ákærða kl. 1535, og samkvæmt vottorði frá Rannsóknastofu í lyfjafræði var alkóhólmagn í blóðsýni þessu 1.220/100.

Ákærði gaf skýrslu um mál þetta fyrir lögreglunni í Árnessýslu þann 3. september sl., og lýsti ákærði þá því yfir, að hann teldi frumskýrslu lögreglunnar um mál þetta rétta, það hann best vissi, en ákærði áréttaði varðandi aksturshraðann, að þar væri um ágiskun að ræða, enda hafi hraðamælir bifhjólsins verið bilaður, en ákærði viðurkenndi, að hraði bifhjólsins hafi verið óhæfilega mikill.

Aðspurður um áfengisneyslu sína sagði ákærði, að kvöldið, áður en hann var handtekinn vegna máls þessa við Fossnesti, hafi hann verið að neyta áfengis, en ákærði kvaðst ekki muna, hvaða áfengi hann hafi verið að drekka, en það hafi verið sterkt vín og hann hafi verið við drykkjuna á dansleik á Stokkseyri. Ákærði kvaðst hafa verið allmikið drukkin, en kvaðst telja, að hann hafi hætt vínneyslu um kl. 0200 um nóttina, og kvaðst ákærði ekki muna, hvenær hann gekk til náða. Þá sagði ákærði, að hann hafi ekki fundið til áfengisáhrifa við akstur bifhjólsins á Selfossi.

Ákærði gaf aðra skýrslu um mál þetta að eigin ósk fyrir lögreglunni í Árnessýslu þann 11. september sl.

Ákærði lýsti því yfir við skýrslutöku þessa, að hann hafi ekki þorað að segja frá því, þegar hann var yfirheyrður fyrir lögreglunni þann 3. september sl., að hann hafi drukkið áfengi í Fossnesti á Selfossi, skömmu áður en lögreglan handtók hann þann 19. júlí sl.

Nánar lýsti ákærði áfengisneyslu sinni á þann veg, að þegar hann kom inn í Fossnesti, hafi hann hitt strák, sem hann kannaðist við og er kallaður Frikki og á heima á Selfossi, en þessi piltur hafi verið með stóra kókflösku með blönduðu brennivíni, sem hann hafi gefið ákærða af. Ákærði sagði, að flaskan hafi ekki verið alveg full, en hann kvaðst hafa drukkið mestan hlutann af því, sem í henni var.

Ákærði kvaðst síðan hafa farið í síma í Fossnesti og hafi hann hringt heim til sín og beðið föður sinn um að sækja hjólið á Selfoss, en faðir hans hafi ekki mátt vera að því þá stundina.

Ákærði lýsti því yfir, að hann hafi talið, að þessi áfengisneysla hans í Fossnesti hafi ekki skipt máli, en þegar hann hafi farið að hugsa um það, hve mikið alkóhól mældist í blóði hans, þá hafi hann séð, að hann yrði að láta þessarar neyslu getið, en hún skýrði, af hverju svo mikið magn alkóhóls mældist í blóði ákærða.

Ákærði staðfesti þennan framburð sinn efnislega, þegar hann var enn einu sinni yfirheyrður um mál þetta fyrir lögreglunni í Árnessýslu þann 12. október sl.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir sakadómi vegna máls þessa þann 18. janúar sl., og neitaði þá ákærði því enn að hafa ekið bifhjólinu R 31039

ölvaður um Austurveg á Selfossi þann 19. júlí sl., en ákærði viðurkenndi að hafa drukkið ca hálfa flösku af millistærð af kók af brennivini blönduðu í kóki, og sagði ákærði, að þar hafi verið um sterka blöndu að ræða, en áfengi þetta kvaðst ákærði hafa fengið hjá vitninu Friðrik Friðrikssyni í Fossnesti á Selfossi þann 19. júlí sl., eftir að ákærði hafði hætt akstri á bifhjólinu R 31039. Ákærði kvaðst hafa drukkið þetta áfengi á ca 5 mínútum, og sagði ákærði, að honum hafi hitnað við áfengisneyslu þessa og þess vegna hafi hann brugðið á það ráð að hringja í föður sinn, og kvaðst hann hafa beðið hann um að sækja bifhjólið á Selfoss.

Ákærði kvaðst ekki hafa þorað að segja við yfirheyrslu hjá lögreglunni, að hann hafi neytt áfengis í Fossnesti, en ákærði kvaðst hafa haldið, að ekki mundi mælast alkóhól í blóði hans, en ákærði sagði, að hann hafi ekki beinlínis verið spurður af því af lögreglu, hvort hann hafi drukkið áfengi frá því, að akstri hans lauk, og því hafi hann forðast að skýra frá því af þeim ástæðum, sem hann hafi greint frá.

Nánar aðspurður um áfengisneyslu sína í Fossnesti á Selfossi þann 19. júlí sl. sagði ákærði, að flaska sú, sem Friðrik Friðriksson bauð ákærða vínblöndu úr, hafi verið ríflega hálf, þegar fundum þeirra Friðriks bar saman í Fossnesti, og kvaðst ákærði hafa drukkið ca helminginn af því, sem var í kókflöskunni, en þar hafi verið um að ræða millistærð af kókflösku.

Vitnið Hörður Sigurðsson, Eyjaseli 10, Stokkseyri, var farþegi ákærða á bifhjólinu R 31039, þegar hinn umdeildi árekstur (sic) ákærða átti sér stað.

Vitnið Hörður Sigurðsson var yfirheyrt fyrir lögreglu þann 22. október sl. og hér fyrir dómi 18. jan. sl., og sagði vitnið, að það teldi, að ákærði hafi ekið hjólinu á ca 80 - 100 km hraða á leiðinni á Selfoss, en vitnið kvaðst ekki vita, hve hratt ákærði hafi ekið um götur Selfoss, og sagði vitnið, að það hafi verið á undan ákærða inn í Fossnesti, og kvaðst það hafa fengið sér sæti í borðsal Fossnestis, og sagði vitnið, að ákærði hafi ekki komið til vitnisins fyrr en eftir ca 5 - 10 mínútur og hefðu þeir setið þar saman í ca 5 - 10 mínútur, þá hefðu þeir farið út úr húsinu og þá hafi lögreglan verið þar fyrir utan og hafi hún tekið ákærða til yfirheyrslu á lögreglustöðinni.

Vitnið kvaðst ekki hafa tekið eftir því, að ákærði væri undir áhrifum áfengis, áður en ákærði hóf akstur bifhjólans R 31039 í greint sinn á Stokkseyri, og vitnið kvaðst ekki hafa orðið vart við breytingar á ákærða, meðan þeir stóðu við í Fossnesti.

Vitnið Friðrik Rúnar Friðriksson, Hjarðarholti 1, Selfossi, gaf skýrslu um mál þetta fyrir lögreglunni þann 11. september sl.

Vitnið skýrði svo frá, að það hafi hitt ákærða í Fossnesti þann 19. júlí

sl., og kvaðst vitnið þá hafa verið með næsta hálfu litla kókflösku, sem í var bland af kók og brennivíni. Vitnið sagði, að ákærði hafi beðið sig um snafs, og kvaðst vitnið hafa fengið ákærða flöskuna. Vitnið sagði, að ákærði hafi fengið sér þrjá eða fjóra sopa af vinblöndu þessari, en vitnið kvaðst sjálfst hafa drukkið meiri hlutann, sem í flöskunni var, eftir að þeir ákærði skildu.

Vitnið Friðrik Rúnar Friðriksson kom hér fyrir dóminn þann 18. janúar sl., og lýsti vitnið þá fundum þeirra ákærða á þann veg, að það hafi verið statt í Fossnesti í júlí síðastliðið sumar, og kvaðst vitnið þá hafa verið með brennivín blandað í kók í flösku af millistærð af kók, og segir vitnið, að blandan hafi verið ca helmingur kók og helmingur brennivín. Vitnið kvaðst hafa hitt ákærða þarna inni og hafi ákærði beðið vitnið um vín, og rétti vitni honum kókflöskuna með vinblöndunni, og drakk þá ákærði megnið úr flöskunni, en skildi þó eftir nokkra sopa handa vitninu. Vitnið kvaðst telja, að ákærði hafi drukkið ca hálfu flöskuna af vinblöndunni.

Í réttarhaldi þessu lýsti vitnið Friðrik Rúnar Friðriksson því yfir, að það væri rangt, sem eftir sér væri haft í skýrslu lögreglunnar þann 11. september sl., en lögreglan hafi hótad vitninu að stinga vitninu í fangageymslu, ef það færi með lygar varðandi þessi atriði, og segir vitnið, að lögregluþjónarnir Ólafur Íshólm og Hergeir hefðu spurt sig að því, hvort það hafi verið með „tröllakók“, en vitnið hafi sagt, að það hafi verið með minni gerð af kókflösku í greint sinn, og sé það líklega skýringin á því, að í lögregluskýrslunni sé talað um litla kókflösku. Vitnið sagði, að lögregluþjónarnir hefðu komið sér í þá spennu við yfirheyrsluna þann 11. september sl., að skýrsla þess hafi orðið ónákvæm, hvað varðar neyslu ákærða af vinblöndu vitnisins.

Vitnið Ólafur Íshólm Jónsson lögregluvarðstjóri í lögreglunni í Árnes-sýslu, Stekkholti 6, Selfossi, kom hér fyrir dóminn 18. janúar sl. og staðfesti þar varðstjóraskýrslu sína í dskj. V. Vitnið kvaðst ekki minnst þess, að ákærði hafi að neinu leyti gefið til kynna, að hann hafi drukkið áfengi skömmu eftir handtöku ákærða við Fossnesti þann 19. júlí sl., þegar vitnið tók varðstjóraskýrslu af ákærða í framhaldi af handtöku hans.

Vitnið kom aftur hér fyrir dóm þann 21. janúar sl., og lýsti vitnið því þá yfir, að það teldi öruggt, að tímasetningar í lögregluskýrslu í dskj. IV og varðstjóraskýrslu í dskj. V væru réttar, en vitnið tók fram, að það hafi talað við ákærða í ca 10 mínútur, áður en vitnið setti tímasetningu á varðstjóraskýrsluna, meðan beðið var eftir lækni til þess að taka blóð frá ákærða.

Vitnið kvaðst minnst þess, að það hafi verið viðstatt yfirheyrslu yfir vitninu Friðrik Rúnari Friðrikssyni vegna máls þessa, og sagði vitnið, að

það hafi ekki beitt Friðrik Rúnar neins konar harðræði við yfirheyrslu þann 11. september sl., og kvaðst vitnið ekki heldur hafa orðið þess vart, að Hergeir Kristgeirsson rannsóknarlögreglumaður hafi beitt vitnið harðræði.

Vitnið Hergeir Kristgeirsson, rannsóknarlögreglumaður í lögreglunni í Arnessýslu, Birkivöllum 24, Selfossi, kom hér fyrir dóm þann 21. janúar sl., og kvaðst vitnið ekki minnst þess, að yfirheyrsla þess á vitninu Friðrik Rúnari Friðrikssyni þann 11. september sl. hafi verið neitt óvenjuleg, og kvaðst vitnið ekki muna, hver hafi verið viðstaddur yfirheyrsluna. Aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa hótað vitninu að loka það inni í fangelsi.

Vitnið kvaðst mótmæla þeim fullyrðingum í framburði vitnisins Friðriks Rúnars Friðrikssonar hér fyrir dómi 18. janúar sl., að vitnið hafi beitt Friðrik Rúnar harðræði við yfirheyrsluna þann 11. september sl.

Vitnið Erlendur Danielsson, lögregluþjónn í lögreglunni í Arnessýslu, Birkivöllum 30, Selfossi, kom hér fyrir dóminn 21. janúar sl.

Vitnið staðfesti lögregluskýrslu Guðmundar Hartmannssonar aðstoðarvarðstjóra um mál þetta, og aðspurt kvaðst vitnið telja, að ca 10 mínútur hefðu liðið frá því kvörtun barst á lögreglustöðina á Selfossi um akstur bifhjólsins um Austurveg, þar til ákærði var handtekinn. Þá kvaðst vitnið ekki vera í vafa um, að það hafi verið ákærði, sem ók bifhjóli eftir Austurvegi, skömmu áður en vitnið handtók ákærða við Fossnesti, enda hafi ákærði viðurkennt að hafa ekið á 100 km hraða eftir Austurvegi, skömmu áður en hann var handtekinn.

Vitnið Guðmundur Hartmannsson, aðstoðarvarðstjóri í lögreglunni í Arnessýslu, Réttarholti 10, Selfossi, kom hér fyrir dóminn 18. janúar sl. og staðfesti skýrslu sína í dskj. nr. IV.

Vitnið kvaðst hafa handtekið ákærða ásamt Erlendi Danielssyni lögregluþjóni við Fossnesti þann 19. júlí sl., og kvaðst vitnið ekki muna, hvort það hafi spurt ákærða að því, hvort hann hafi verið við drykkju í Fossnesti, en vitnið sagði, að ákærði hafi ekki haft áfengi meðferðis þarna við Fossnesti, og kvaðst vitnið minnst þess, að ákærði hafi verið rauðeygður, þegar vitnið tók hann tali við Fossnesti í greint sinn. Þá kvaðst vitnið ekki hafa ástæðu til þess að ætla annað en að ákærði hafi ætlað að aka bifhjóli sínu frá Fossnesti, þegar þeir lögregluþjónarnir höfðu tal af honum við Fossnesti, en þá höfðu þeir lögregluþjónarnir verið búnir að biða eftir ákærða við hjól hans við Fossnesti í ca 10 mínútur.

Foreldrar ákærða, þau Auður Gunnarsdóttir og Geir Valgeirsson, komu hér fyrir dómi þann 18. janúar sl. og 3. febrúar sl., og lýstu þau því yfir, að ákærði hafi hringt frá Selfossi þann 19. júlí sl. og beðið föður sinn um að sækja bifhjól sitt á Selfoss, en ákærði kvaðst hafa smakkað vín í söluskála á Selfossi.

Faðir ákærða kvaðst hafa lofað ákærða að sækja hjólið, en kvaðst ekki

hafa getað farið strax að sækja hjólið og ákærði hafi verið kominn heim, áður en hann gat farið á Selfoss, og sagði ákærði þá, að hjólið væri í höndum lögreglunnar, og varð því ekki úr, að hann sækti hjólið fyrir ákærða.

Með framburði ákærða fyrir lögreglunni 19. júlí sl. og 3. september sl. og framburðum lögregluþjónanna Erlends Danielssonar, Guðmundar Hartmannssonar og Ólafs Íshólms Jónssonar og öðrum gögnum máls þessa þykir sannað, þrátt fyrir að ákærði hafi breytt framburði sínum fyrir lögreglu 11. september sl. og verið síðan reikull í framburði sínum hér fyrir dómi og þrátt fyrir ruglingslegan framburð vitnisins Friðriks Rúnars Friðrikssonar, vitnisins Harðar Sigurðssonar og foreldra ákærða, að ákærði hafi sunnudaginn 19. júlí 1981 ekið bifhjólinu R 31039 undir áhrifum áfengis á allt að 100 km hraða m/klst. um Austurveg á Selfossi, þar sem hámarkshraði er 50 km, svo sem í ákæru greinir.

Brot ákærða þykja varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr., 25. gr., 49. gr. og 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Samkvæmt sakavottorði ákærða í dskj. nr. XIX hefur hann sætt refsingum, sem hér segir:

1980 23/6 í Árnessýslu: Sátt, 200.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 12 mán. frá 23/6 1980.

1981 3/12 í Árnessýslu: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot gegn 246. gr. hegningarlaga.

Með hliðsjón af 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sekt til ríkissjóðs kr. 5.000.00, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá þykir verða að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá 3. september 1981.

Loks þykir verða að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, en þar eru meðtalin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Bergs Guðnasonar héraðsdómslögmanns, kr. 3.000.00.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gunnar Þór Geirsson, greiði kr. 5.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá 3. september 1981.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnar-

laun skipaðs verjanda síns, Bergs Guðnasonar héraðsdómslögmanns,
kr. 3.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 11. mars 1983.

Nr. 196/1982. **Guðjón Ómar Hauksson**

gegn

Jóni Gunnari Zoëga.

Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Magnús Thoroddson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. október 1982. Áfrýjað er úrskurði uppboðsréttar Keflavíkur 10. september 1982. Málið var þingfest 1. nóvember 1982 og þá frestað í fjóra mánuði til 2. mars 1983. Krafðist áfrýjandi þá frekari frests til framlagningar ágríps í málinu.

Stefndi mótmælti frekari fresti og krafðist þess, að málið yrði fellt niður, svo og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda.

Eftir atvikum þykir rétt að veita áfrýjanda frest til 11. apríl 1983.

Málskostnaðarkrafa stefnda er ekki tekin til greina.

Ályktarorð:

Málinu er frestað til 11. apríl 1983.

Málskostnaðarkrafa stefnda er ekki tekin til greina.